

Reglur um samvinnu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

1 Inngangur

Starfsendurhæfing byggir á samvinnu. Nauðsynlegt er að góð samskipti og upplýsingastreymi eigi sér stað á milli viðkomandi einstaklings, ráðgjafa VIRK og sjúkraþjálfara svo væntur árangur náiist. Til að tryggja og efla þessi samskipti hefur VIRK í samráði við fulltrúa Félags sjúkraþjálfara sett niður eftirfarandi reglur um samskipti og greiðslur ef ráðgjafar eða sérfræðingar VIRK hafa tilkynnt um greiðsluþáttöku sjóðsins og umsýslu af hálfu sjúkraþjálfara sem ekki fellur innan rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands.

Sjúkraþjálfun er heilbrigðisþjónusta sem byggir á lögum og reglugerðum frá heilbrigðisyfirvöldum. Kostnaðarhlutdeild einstaklinga í sjúkraþjálfun ákvarðast með reglugerð frá velferðarráðherra. Samskipti VIRK og sjúkraþjálfara byggja annars vegar á kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra í þjálfun og hins vegar á upplýsingastreymi milli sjúkraþjálfara og ráðgjafa Virk sem grundvallast á upplýstu samþykki einstaklingsins.

Þegar sjúkraþjálfun er talin nauðsynlegur þáttur starfsendurhæfingar getur VIRK ákveðið að greiða kostnaðarhlut einstaklings í sjúkraþjálfun. Þessi greiðsla getur aðeins farið fram ef til staðar er formleg þjónustubeiðni þess efnis frá ráðgjafa VIRK til viðkomandi sjúkraþjálfara.

2 Samskipti

Lagt er til að sjúkraþjálfari og ráðgjafi hafi samráð í byrjun ferils til að starfsendurhæfing verði markviss og skilvirk.

Þegar einstaklingur í starfsendurhæfingu hjá VIRK er að hefja meðferð hjá sjúkraþjálfara, hefur ráðgjafi VIRK samband við sjúkraþjálfara og tilkynnir um væntanlega þjónustubeiðni og greiðsluþáttöku fyrir tilteknum fjölda skipta í sjúkraþjálfun. Ef greiðsluflokkur á beiðni er ekki í samræmi við stöðu hjá SÍ gildir fjöldi tíma sem beðið er um, ekki upphæð. Reikningur vegna hlutdeilda viðkomandi einstaklings í meðferðinni skal sendur til VIRK þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Þegar greiðslubáttaka VIRK er fyrirhuguð, þarf sjúkraþjálfari að hafa í huga að samræmi sé á milli fjölda skipta sem ráðgjafi VIRK biður um og samþykktar skipta um greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga Íslands. Gert er ráð fyrir að greiðsla VIRK í hlut einstaklings fylgi reglum um greiðsluþáttöku sjúklings samkvæmt reglugerð velferðarráðherra um greiðsluþáttöku einstaklinga í þjálfun og rammasamningi SÍ um sjúkraþjálfun. Þannig greiðir VIRK eingöngu kostnaðarhlutdeild einstaklinga í þjálfun í þann fjölda skipta sem tiltekin eru í áðurnefndri reglugerð. Ef upp koma sérstök undantekningartilvik sem taka þarf tillit til varðandi þessa þætti þá skal þeim vísað til umfjöllunar hjá VIRK, t.d. nýjar upplýsingar um samþykktan skiptafjölda.

Ráðgjafi og sjúkraþjálfari eru í sambandi símleiðis eða með tölvupósti eftir þörfum. Við komu í þjónustu VIRK skrifar einstaklingur undir upplýst samþykktar skipta um greiðsluþáttöku sjúklings samkvæmt reglugerð velferðarráðherra um greiðsluþáttöku einstaklinga í þjálfun og rammasamningi SÍ um sjúkraþjálfun. Meðhöndlandi aðila vegna starfsendurhæfingar. Meðhöndlandi sjúkraþjálfari getur

kallað eftir afriti af upplýsta samþykkini. Einstaklingur getur afhent sjúkraþjálfara niðurstöður grunnmats VIRK og/eða niðurstöður sjúkraþjálfara úr sérhæfðu mati ef við á.

Í lok sérhæfðs mats hjá VIRK getur verið gagnlegt að meðhöndlandi sjúkraþjálfari sitji skilafund til að fara yfir niðurstöður og skipulagningu á áframhaldandi starfsendurhæfingu.

3 Þjónustubeiðnir

Greiðsla VIRK í hlut einstaklings í sjúkraþjálfun miðast við þá dagsetningu sem kemur fram á þjónustubeiðninni. Hlutur einstaklings í greiðslu fyrir meðferð sem þegar hefur átt sér stað fyrir þá dagsetningu verður **EKKI** greiddur af VIRK. Eingöngu er greitt fyrir þann fjölda skipta sem ráðgjafi VIRK hefur sent þjónustubeiðni fyrir.

Sjúkraþjálfarar og VIRK hafa komið sér saman um að eftirfarandi texti fylgi þjónustubeiðnum vegna sjúkraþjálfunar:

*Markmið einstaklingsins er að styrkja stöðu sína við að eiga afturkvæmt á vinnumarkað.
Vinsamlegast sendið reikning vegna kostnaðarþáttöku einstaklings samkvæmt þessari pöntun til VIRK.
Kostnaðarþátttaka VIRK miðast við að einstaklingur eigi réttindi hjá Sjúkratryggingum Íslands.*

Ef við á tekur ráðgjafi fram hvert einstaklingur stefnir varðandi vinnu út frá niðurstöðum grunnmats og/eða sérhæfðs mats VIRK.

4 Greinargerðir

Ráðgjafi getur óskað eftir greinargerð sjúkraþjálfara þar sem fram kemur gangur meðferðar og horfur m.t.t. mögulegrar atvinnupáttöku einstaklingsins. Sjúkraþjálfari fær þá senda sérstaka þjónustubeiðni á vegna þess. Á þjónustubeiðninni verður tengill inn á form greinargerðarinnar sem einnig er aðgengileg á heimasíðu VIRK (<http://virk.is/page/samstarf-vid-sjukrathjalfa>). Greinargerð á að senda til ráðgjafa einstaklings á hans starfsstöð en upplýsingar um hana koma fram á beiðni. Ef greinargerð er merkt með auðkenni einstaklings (sem fram kemur á úrræðabeiðni) en ekki nafni og kennitölu, getur sjúkraþjálfari sent greinargerð í tölvupósti. Þá er best að afrita auðkenni úr beiðni beint inn á greinargerðarformið. Ef greinargerð er merkt með nafni og kennitölu er nauðsynlegt að senda greinargerð í bréfpósti. Form greinargerðarinnar var unnið af VIRK í samstarfi við sjúkraþjálfara. Sjá upplýsingar um innihald í fylgiskjali 1.

5. Gjaldskrá

Verkpáttur	Lýsing	Fjárhæð
Greinargerð	Greiðsla fyrir umbeðna greinargerð frá sjúkraþjálfara sbr. grein 4 hér að framan. Aðeins er greitt fyrir greinargerð ef ráðgjafi hefur óskað eftir henni með formlegri beiðni.	6000 kr.

Kostnaður vegna umsýslu og samskipta við ráðgjafa	Greiðsla fyrir umsýslukostnað og samskipti sjúkraþjálfara við ráðgjafa VIRK. Þessi greiðsla bætist við þann reikning sem sendur er til VIRK vegna hlutar einstaklings í sjúkraþjálfun. Á pöntunarbeíðni frá VIRK er búið að gera ráð fyrir þessari greiðslu þannig að verð fyrir hvert skipti er skv.taxta + 400 kr.	400 kr. fyrir hvert skipti einstaklings í sjúkraþjálfun.
þátttaka í skilafundi að loknu sérhæfðu mati	Greiðsla fyrir komu og þáttöku á skilafundi í kjölfar sérhæfðs mats.	12.000 kr

Ef einstaklingur mætir ekki í bókaðan tíma gilda almennar reglur stofu um forföll. Er það á ábyrgð hverrar stofu að kynna fyrir einstaklingi gildandi reglur. VIRK greiðir ekki fyrir tíma sem einstaklingur mætir ekki í. Ráðgjafi VIRK ber ábyrgð á að upplýsa einstakling um hans eigin ábyrgð og mögulegar greiðslur ef um ótilkynnt forföll er að ræða.

6 Reikningar


Sjúkraþjálfari sendir reikning fyrir hlut einstaklingsins í viðeigandi liðum í gjaldskrá 5. greinar hér að framan til VIRK, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, með dagsetningum meðferðardaga. Reikningur skal stílaður á Starfsendurhæfingarsjóð kt. 440608-0510. Á reikningi þarf að koma fram nafn og kennitala einstaklings ásamt nafni ráðgjafa sem bað um þjónustuna og upplýsingar um tímabil meðferðar.

7 Gildissvið og gildistími

Þessar reglur eiga eingöngu við um þá sjúkraþjálfara sem hafa rétt til að vinna samkvæmt gildandi rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands og hafa fengið beiðni frá ráðgjafa vegna greiðslubáttöku á hlut einstaklings í sjúkraþjálfun. Sjúkraþjálfari sem sendir VIRK reikning vegna vinnu fyrir verkþætti í grein 5 hér að framan samþykkir jafnframt að vinna í samræmi við þessar reglur og uppfylla þær skyldur sem hér eru listaðar upp. Þessar reglur gilda frá og með 5.júlí 2013 – 31.desember 2014. VIRK getur á þessu tímabili ákveðið að hætta eða breyta þessu fyrirkomulagi en mun þá tilkynna bæði fulltrúum Félags sjúkraþjálfara og þeim sjúkraþjálfurum sem hafa verið í samstarfi við ráðgjafa VIRK um breytinguna með þriggja mánaða fyrirvara. Ofangreindar greiðslur verða endurskoðaðar árlega.

Reykjavík, 5. Júlí 2013

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Viðauki 1

Greinargerð sjúkraþjálfara vegna starfsendurhæfingar

Auðkennnisnúmer á úrræðabeiðni:	Nafn ráðgjafa:
Nafn einstaklings:	Ath. ef eingöngu er sett inn auðkennnisnúmer er hægt að senda beiðni með tölvupósti til ráðgjafa, ef nafn einstaklings er sett inn þarf að senda beiðni í breípósti á starfsstöð ráðgjafa.
Kt.:	

1. Hver eru helstu heilsufarslegu vandamál einstaklings?

2. Hvenær hófst meðferð í núverandi meðferðalotu? _____

3. Heildarfjöldi meðferðaskipta í þessari meðferðalotu er alls _____ skipti

4. Á kvarðanum 0 - 10 hvernig metur sjúkraþjálfari meðferðarheldni einstaklings?

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

5. Framgangur meðferðar og áframhaldandi markmið er lúta að endurkomu til vinnu

- Staðan í dag (veljið einn af eftirfarandi möguleikum)

Batnandi ástand

Óbreytt ástand

Versnandi ástand

Nánari lýsing:

- o Hvaða færniþættir eru að mati sjúkraþjálfara helst að hindra atvinnuþáttöku í dag?

- o Telur sjúkraþjálfari að viðkomandi einstaklingur ráði við núverandi starf sitt eða þarf að huga að aðlögun á starfsskyldum eða jafnvel öðrum starfsvettvangi?

- Já, ræður við núverandi starf
- Þarf aðlögun á starfsskyldum
- Þarf að huga að öðrum starfsvettvangi
- Á ekki við

6. Telur sjúkraþjálfari þörf á:

- Úttekt vinnuumhverfis?
- Eftirfylgni með æfingaprogrammi?
- Aðkomu annarra fagaðila?

Staðfesting sjúkraþjálfara og undirskrift:

Dagsetning:
Nafn:
Vinnustaður:
Undirskrift sjúkraþjálfara: